

Hagnaður Festi 327 milljónir króna á 4. ársfjórðungi 2018

Helstu niðurstöður

- Rekstur félaga í samstæðu dótturfélagsins Hlekks var tekinn inn í samstæðu Festi frá og með 1. september og skýrir að mestu hækkunar á tekjum og gjöldum á 4F 2018 í samanburði við 4F 2017
- Framlegð félaga í samstæðu Hlekks var 3.249 m.kr., EBITDA 1.148 m.kr. og hagnaður 357 m.kr. frá 1. september 2018 til ársloka
- EBITDA að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk nam 4.958 m.kr. árið 2018 samanborið við 3.605 m.kr. árið 2017
- Framlegð félaga í samstæðu Hlekks var 2.492 m.kr., EBITDA 898 m.kr. og hagnaður 253 m.kr. á 4F 2018
- EBITDA Festi að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk nam 1.630 m.kr. á 4F 2018 samanborið við 844 m.kr. á 4F 2017
- Framlegð af vörusölu jókst um 100,2% á 4F 2018 sem skýrist af nýjum félögum í samstæðu frá 1. september
- Eigið fé var 25.970 m.kr. og eiginfjárlutfall 33,4% í lok 4F 2018

Milljónir króna	4F 2018	4F 2017	Breyt.	% Breyt.	2018	2017	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Framlegð af vörusölu	4.858	2.427	2.431	100,2%	13.704	9.988	3.716	37,2%
Leigutekjur fasteigna og aðrar rekstrartekjur	370	148	223	150,6%	776	442	334	75,6%
EBITDA	1.529	837	692	82,7%	4.628	3.535	1.092	30,9%
EBIT	919	563	356	63,2%	3.219	2.528	690	27,3%
EBT	383	545	-162	-29,7%	2.477	2.524	-47	-1,9%
Hagnaður tímabilsins	327	442	-115	-25,9%	2.059	2.071	-12	-0,6%
Efnahagsreikningur								
Birgðir					7.616	2.840	4.776	168,1%
Viðskiptakröfur					3.718	2.747	971	35,3%
Vaxtaberandi skuldir					37.314	8.000	29.314	366,4%
Handbært fé					4.267	2.800	1.467	52,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir					33.165	5.238	27.927	533,1%
Sjóðstreymi								
Handbært fé frá rekstri	-285	116	-401	-346,5%	4.314	2.376	1.938	81,6%
Fjárfestingarhreyfingar	-719	-317	-402	126,9%	-13.734	-2.268	-11.466	505,5%
Fjármögnunarhreyfingar	-1.055	-83	-972	1174,3%	10.854	393	10.462	2664,7%
Handbært fé í lok tímabils	4.267	2.800	1.467	52,4%	4.267	2.800	1.467	52,4%
Lykiltölur								
EBITDA/framlegð	31,5%	34,5%	-3,0%	-8,7%	33,8%	35,4%	-1,6%	-4,6%
Eiginfjárlutfall					33,4%	49,9%	-16,5%	-33,1%
Laun/framlegð	53,7%	49,5%	4,2%	8,4%	47,7%	45,6%	2,1%	4,5%
Hagnaður á hlut	1,00	1,77	-0,77	-43,5%	7,44	8,28	-0,84	-10,1%
Arðsemi eigin fjár					11,0%	16,1%	-5,1%	-31,7%
Fjárfestingar	-643	-330	-313	0	-1.571	-2.515	944	-37,5%
Veltuhraði birgða	9,49	7,64	1,86	24,3%	9,04	7,62	1,42	18,6%

27. febrúar 2019

Rekstur fjórða ársfjórðungs

Milljónir króna	4F 2018	4F 2017	Breyt.	% Breyt.	12M 2018	12M 2017	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Framlegð af vörusölu	4.858	2.427	2.431	100,2%	13.704	9.988	3.716	37,2%
Leigutekjur fasteigna og aðrar rekstrartekjur	370	148	223	150,6%	776	442	334	75,6%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-2.607	-1.201	1.406	117,0%	-6.532	-4.554	1.978	43,4%
Sölukostnaður	-243	-176	67	38,1%	-958	-895	63	7,1%
Annar rekstrarkostnaður	-849	-361	488	135,4%	-2.363	-1.445	917	63,5%
EBITDA	1.529	837	692	82,7%	4.628	3.535	1.092	30,9%
EBITDA N1*	732	844	-112	-13,3%	3.809	3.605	204	5,7%

*EBITDA að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk ehf.

EBITDA á 4F 2018 var 1.529 m.kr. samanborið við 837 m.kr. á 4F 2017 en kostnaður við kaup á Hlekk nam 101 m.kr. á 4F 2018 og 7 m.kr. á 4F 2017. EBITDA Festi að undanskilinni afkomu dótturfélagsins Hlekks og undanskildum kostnaði við kaup á sama félagi var 732 m.kr. á 4F 2018 samanborið við 844 m.kr. á 4F 2017 en heimsmarkaðsverð á olíu hafði neikvæð áhrif á afkomu Q4 2018 en aftur á móti voru áhrifin jákvæð á Q4 2017.

Tekjur á fjórða ársfjórðungi

Púsundir lítra / velta í öðrum vörum í milljónum króna	4F 2018	4F 2017	Breyt.	% Breyt.	2018	2017	Breyt.	% Breyt.
Selt magn - bensín	10.686	11.499	-813	-7,1%	51.842	57.848	-6.006	-10,4%
Selt magn - gasolía	22.839	22.072	767	3,5%	101.346	98.757	2.589	2,6%
Selt magn - heild án JET	48.358	46.345	2.014	4,3%	214.068	225.000	-10.932	-4,9%
Velta annarra vara	14.990	3.057	11.933	390,3%	27.081	11.323	15.759	139,2%
Framlegð eldsneytis	1.044	1.098	-54	-4,9%	5.351	4.954	397	8,0%
Framlegð annarra vara	3.813	1.329	2.484	187,0%	8.354	5.035	3.319	65,9%

Selt magn án JET jókst um 4,3% á 4F 2018 samanborið við 4F 2017, að mestu af auknum umsvifum í sjávarútvegi ásamt aukinni sölu í iðnaði. Selt magn af bensíni og gasolíu minnkaði um 0,1% á milli 4F 2018 og 4F 2017. Breytt sölusamsetning í eldsneyti skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 4F 2018 er lægri en á 4F 2017 ásamt því að heimsmarkaðsverð á olíu hafði neikvæð áhrif á afkomu Q4 2018 en aftur á móti voru áhrifin jákvæð á Q4 2017. Velta annarra vara jókst um 390,3% á 4F 2018 samanborið við 4F 2017, en velta félaga í samstæðu Hlekks var 11.840 m.kr. á 4F 2018.

27. febrúar 2019

Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi

Milljónir króna	4F 2018	4F 2017	Breyt.	% Breyt.
Launa- og starfsmannakostnaður	-2.607	-1.201	1.406	117,0%
Sölu- og starfsmannakostnaður	-243	-176	67	38,1%
Annar rekstrarkostnaður	-849	-361	488	135,4%

Eins og fram hefur komið að ofan var rekstur samstæðu Hlekks tekinn inn í samstæðu Festi frá og með 1. september og skýrir það að mestu kostnaðarhækkunir á 4F 2018 miðað við 4F 2017. Kostnaður við kaup á Hlekk nam 101 m.kr. á 4F 2018 samanborið við 7 m.kr. á 4F 2017.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur hækka á 4F 2018 vegna hærri stöðu handbærs fjár sem hækkar við komu Hlekks í samstæðuna. Fjármagnsgjöld hækka á 4F 2018 miðað við 4F 2017 vegna hærri langtímalána til kaupa á Hlekk.

Milljónir króna	4F 2018	4F 2017	Breyting	% Breyting
Fjármunatekjur	83	36	47	128,6%
Fjármagnsgjöld	-674	-102	572	561,6%
Gengismunur	24	10	14	137,2%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	31	37	-7	-18,4%
Samtals	-536	-18	-518	2857,0%

27. febrúar 2019

Efnahagur og fjárhagsleg staða

Milljónir króna	2018	2017	Breyting	% Breyting
Viðskiptavild	14.070	0	14.070	
Aðrar óefnislegar eignir	4.504	215	4.289	1995,0%
Rekstrarfjármunir	32.419	16.940	15.479	91,4%
Fjárfestingarfasteignir	8.752	0	8.752	
Birgðir	7.616	2.840	4.776	168,1%
Viðskiptakröfur	3.718	2.747	971	35,3%
Handbært fé	4.267	2.800	1.467	52,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir	33.165	5.238	27.927	533,1%
Eiginfjárlutfall	33,4%	49,9%	-16,5%	-33,1%
Veltuhraði birgða	9,04	7,62	1,42	18,6%

Eignir og skuldir hækka vegna kaupa Festi á samstæðu Hlekks. Kaupverðsútteilingu er lokið, en þó með þeim fyrirvara að ef nýjar upplýsingar um stöðu eigna og / eða skulda á yfirtökudegi koma fram innan eins árs frá yfirtöku getur kaupverðsútteiling breyst. Samkvæmt útteilingunni var viðskiptavild 14.070 m.kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.046 m.kr. en um vörumerki hinna keyptu félaga er að ræða og eru þau metin með endanlegan líftíma og verða afskrifuð á 20 árum. Í lok árs 2018 voru rekstrarfjármunir 32.419 m.kr., fjárfestingaeignir 8.752 m.kr., nettó vaxtaberandi skuldir 33.165 m.kr. og eiginfjárlutfall 33,4%.

IFRS 16 Leigusamningar

Alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn IFRS 16 *Leigusamningar* kemur í stað núgildandi reglna um leigusamninga frá og með 1. janúar 2019 og innleiðir eitt leigusamningslíkan fyrir leigutaka. Í því felst að leigutaki færir í efnahagsreikning leigueignir, sem endurspegla rétt hans til að nýta undirliggjandi eignir, og leiguskuldir, sem endurspegla skuldbindingar hans til að greiða leigu. Leigutaki færir í rekstrarreikning afskriftir leigueigna og vaxtagjöld af leiguskuldum. Valkvæðar undanþágur frá þessu líkani er hins vegar að finna í staðlinum vegna skammtímaleigusamninga og leigusamninga þar sem verðmæti undirliggjandi eignar er lítið. Meðferð leigusamninga hjá leigusala verður svipuð og samkvæmt núgildandi staðli, þ.e. leigusali mun áfram flokka hvern leigusamning sem annað hvort fjármögnunarleigu eða rekstrarleigu.

Samstæðan mun beita IFRS 16 frá og með 1. janúar 2019 miðað við aðferð uppsafnaðra áhrifa þar sem leigueignir nema sömu fjárhæðum og leiguskuldir þann 1. janúar 2019, án áhrifa á eigið fé 1. janúar 2019 og án þess að breyta samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2018. Samstæðan hefur metið möguleg áhrif og talið er að miðað við þá rekstrarleigusamninga sem samstæðan var leigutaki að í árslok 2018 og þeim forsendum um leigutíma og núvirðingarvexti sem byggt var á muni bæði leigueignir og leiguskuldir nema um 3.800 m.kr. þann 1. janúar 2019. Ennfremur eru áætluð áhrif á árinu 2019 þau að leigugjöld verða lægri um 486 m.kr., afskriftir hærri um 392 m.kr. og vaxtagjöld hærri um 192 m.kr. en þessir liðir næmu ef samstæðan væri að halda áfram að beita á árinu 2019 sömu reikningsskilareglur og hún beitti á árinu 2018. Þessar fjárhæðir kunna að breytast þegar innleiðingu samstæðunnar á IFRS 16 verður lokið á árinu 2019. Tekið hefur verið tillit til áætlaðra áhrifa af innleiðingu í EBITDA spá fyrir árið 2019 hér að neðan.

27. febrúar 2019

Breytt flokkun rekstrarkostnaðar

Í kjölfar kaupa á Hlekk hefur flokkun tiltekinna rekstrargjalda verið breytt. Breytt framsetning er til að samræma flokkun rekstrargjalda í samstæðunni. Samanburðafjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun en breytingin hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar, eignir, skuldir, eigið fé eða sjóðstreymi. Veigamesta breytingin er sú að dreifingakostnaður er færður til gjalda meðal kostnaðarverðs seldra vara en var áður færður meðal sölu- og dreifingakostnaðar.

Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2019

- Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum í verslun við ferðamenn og á árinu 2018
- Óvissa um áhrif kjarasamninga á rekstur félagsins en ljóst er að komi til verkfalla muni það hafa neikvæð áhrif á rekstur félaga í samstæðunni
- Veiking krónu undanfarin misseri hefur áhrif á EBITDA spá ársins 2019 en erfitt er að koma hækkunum frá birgjum út í verðlag
- Umsvif vegna loðnuvertíðar verði minni en g.r.f. áætlun samstæðunnar
- Órói á olíumörkuðum og gengi ISK getur valdið sveiflum á framlegð og fjárbindingu

EBITDA spá Festi fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 7.400 – 7.700 m.kr. að undanskildum kostnaði við kaup á Festi hf. en kostnaðurinn er að mestu kominn fram. Áætluð áhrif af innleiðingu IFRS 16 Leigusamningar eru að leigugjöld muni lækka um 486 m.kr. á árinu 2019 og hefur verið tekið tillit til þess í EBITDA spá 2019 en vísað er til umfjöllunar að ofan um IFRS 16 vegna frekari áhrifa af innleiðingu staðalsins.

Sú spá byggir á því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 120. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3. ársfjórðungi.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í árslok 2018 nam 38,1 milljörðum króna
- Aðalfundur verður haldinn kl. 10:00 þann 21. mars næstkomandi
- Stjórn Festi mun leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður vegna afkomu ársins 2018 sem styður við þá fjármagnsskipan sem félagið stefnir að.

Kynningarfundur fimmtudaginn 28. febrúar 2019

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 28. febrúar 2019 í höfuðstöðvum Festi að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <http://festi.is/fjarfestar/fjarhagsupplysingar/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

27. febrúar 2019

Fjárhagsdagatal

- Aðalfundur 2019: 21. mars 2019
- Ársuppgjör 2018: 27. febrúar 2019
- Aðalfundur 2019: 21. mars 2019
- Uppgjör 1F 2019: 20. maí 2019
- Uppgjör 2F 2019: 28. ágúst 2019
- Uppgjör 3F 2019: 6. nóvember 2019
- Ársuppgjör 2019: 27. febrúar 2020
- Aðalfundur 2020: 19. mars 2020

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@festi.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (petur@festi.is).